



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

60. fundur fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, þriðjudaginn 6. apríl 2017 kl. 10.00.

Fundinn sátu:

*Guðný Tómasdóttir formaður, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar*

*Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri*

*Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri*

*Íris Anna Steinarrsdóttir, aðstoðarskólastjóri*

*Alice Petersen, fulltrúi grunnskóladeildar*

*Agnes Heiður Magnúsdóttir, fulltrúi leikskóladeildar*

*Hugrún Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra*

*Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.*

### 1. Skipulag næsta skólaárs.

*Jóna Björg kynnti tillögu um tilraunaverkefni fyrir næstu tvö árin um breytingu á vali þar sem að lagt er til að valið verði fært úr stundaskránni í helgarsmiðjur. Við þessa breytingu styttest skólinn á hverjum degi sem verður til þess að það verði einungis einfaldur skólaakstur í stað tvöfalds eins og er í vetur. Áætlað er að vinna þetta verkefni með Flóaskóla og báðum skólunum í Bláskógabyggð. Fræðslunefnd styður tillögu skólans og leggur til að sveitarstjórn geri slíkt hið sama.*

### 2. Skóladagatal.

*Jóna Björg fór yfir skóladagatalið en gerðar hafa verið smá breytingar frá síðustu kynningu. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við skóladagatalið en eftir er að setja inn þær helgar þar sem valgreinalotur verða. Fræðslunefnd óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar.*

### 3. Niðurstöður úr starfsmannakönnun; skólapúls leiksskóladeildar.

*Jóna Björg kynnti niðurstöður úr skólapúlskönnun sem gerð var meðal starfsfólks í leiksskóladeild Kerhólsskóla í mars. Ákveðið var að Jóna Björg kanni með að leggja einnig könnun fyrir starfsfólk grunnskóladeildar á vormánuðum til að hafa svipaðan tíma á milli kannana bæði í leik- og grunnskóladeild.*

### 4. Starfsmannaviðtöl.

*Jóna Björg fór yfir samantekt úr starfsmannaviðtölum í leik- og grunnskóladeild Kerhólsskóla. Niðurstaðan var sú að flestum líður vel í vinnunni í báðum deildum og að skólastarfið gengur vel.*



## Fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 5. Önnur mál.

- *Fyrirspurn og umræður urðu á fundinum um peysur sem 8. - 10. bekkur Kerhólsskóla er að selja sem fjáröflun.*
- *Ákveðin var dagsetning fyrir vinnufund í tengslum við skólaset.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:30